

1922 nr. 12 19. júní**Lög um verslunarskýrslur**

Tóku gildi 21. september 1922. *Breytt með* L. 116/1990 (tóku gildi 31. des. 1990), L. 19/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 1. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991) og L. 92/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992).

■ 1. gr.

□ Um allar innfluttar og útfluttar vörur skulu viðtakendur eða sendendur varanna vera skyldir til, um leið og þeir taka við vörunum eða senda þær, að láta [tollstjórum]¹⁾ eða þeim, sem koma í þeirra stað, í té skýrslur um tegund og magn varanna, löndin, sem þær eru keyptar frá eða seldar til, svo og innkaupsverð innfluttra vara, að viðbættum flutningskostnaði til landsins, og söliverð útfluttra vara á útflutningshöfn hér á landi, allt eftir því sem eyðublöð þau greina og reglugerðir, sem landsstjórnin gefur út.

□ Í lögum þessum telst handhafi farmskírteinis móttakandi innfluttrar vöru og sendandi útfluttrar vöru sá, er samkvæmt farmskírteini því, sem fylgja á vörunum til útlanda, er sendandi vörunnar. En sé sendandi fjarverandi þá hvílir skyldan til að gefa verslunarskýrslu á þeim, sem annast afgreiðsluna á vörunni fyrir hann á burtfararstað útflutningsskips. Útflutningshöfn telst sú höfn, þar sem vara er látin í skip og farmskírteini gefið út yfir hana beint til útlanda, hvort sem hún er flutt alla leið með sama skipi eða umhlaðin síðar í önnur skip.

□ Á sama hátt skal gefa skýrslur um böggla, sem koma til landsins eða sendir eru úr landi í bögglaþósti, en póststjórnin heimtir inn skýrslur um þá, en eigi [tollstjóri].¹⁾

¹⁾ L. 92/1991, 7. gr.

■ 2. gr.

□ Eigi má án samþykkis [tollstjóra]¹⁾ eða umboðsmanns hans afhenda viðtakendum innfluttar vörur né afgreiða vörur til útflutnings fyrr en verslunarskýrslur hafa verið gefnar um þær. Brot gegn þessum fyrirmælum varða sektum . . .²⁾ á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum.

¹⁾ L. 92/1991, 7. gr. ²⁾ L. 116/1990, 11. gr.

■ 3. gr.

□ Ef viðtakandi vöru eða sendandi veit eigi um verð vörunnar þegar skýrslu skal gefa, en býst við að fá vitneskju um það innan skamms tíma, má veita honum stuttan frest til skýrslugjafar um verðið, gegn því, að hann skuldbindi sig til að skýra frá verðinu sérstaklega að frestinum liðnum. Ef búast má við, að ekki fáiast vitneskja um verðið fyrr en eftir langan tíma, þá skal gefa skýrslu strax um verðið, sem þá skal setja eftir áætlun.

■ 4. gr.

□ Auk þess útdráttar úr farmskrá skips um þær vörur, er fara eiga á hverja einstaka höfn, sem samkvæmt lögum nr. 38 27. júní 1921,¹⁾ um vörotoll, ber að afhenda [tollstjóra]²⁾ eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörunar eiga að af fermast, skal einnig afhenda [tollstjóra]²⁾ eða umboðsmanni hans á hverri höfn annað samhljóða eintak af farmskránni um vörur til þeirrar hafnar. Skal það síðan sent hagstofunni ásamt verslunarskýrslunum um þær vörur, er í farmskránni standa.

□ Nú er innflutt vara tilfærð á farmskrá skips til annars staðar en þess, sem innflytjandi samkvæmt farmskírteini á að fá hana afhenta, og skal þá sá, er annast um umhleðsluna, eða ef um skipaafgreiðslumenn er að ræða, afgreiðslumaður sá, sem veitti vörunum móttöku frá útlöndum, senda [tollstjóra]²⁾ eða umboðsmanni hans, þar sem móttakandi er, farmskrá yfir vörur þær, sem sendar eru, og annað eintak af þeirri farmskrá ber honum að afhenda [tollstjóra]²⁾ eða umboðsmanni hans á þeim stað, sem varan er send frá, og varðar sömu sektum og getur í 2. gr., ef út af er brugðið. Skal [tollstjóri]²⁾ eða umboðsmaður hans á þeim stað, sem varan er send frá, bera farmskrá þessa saman við hina erlendu farmskrá og skrifa þar að lútandi vottorð á hana. Um innheimtu og skil innflutningskýrslna fyrir slíkum vörum fer svo á sömu leið og þær hefðu verið innfluttar beint frá útlöndum til viðtakanda.

□ Fyrir hvert skip, er tekur vörur til útflutnings á einhverri höfn, skal skipstjóri eða afgreiðslumaður þess afhenda [tollstjóra]²⁾ eða umboðsmanni hans þar samrit af farmskrá um farm skipsins frá þeirri höfn, þar sem taldar séu upp allar vörur, sem skipið hefir tekið þar við til útflutnings, þar með einnig þær vörur, sem umhlaðnar hafa verið þar úr öðrum skipum, og tilgreint vörumagn hvarar vöru, er komi heim við hleðsluskírteini, og sé skráin undirrituð af skipstjóra. Farmskráin sendist svo hagstofunni ásamt verslunarskýrslunum um vörur þær, sem á henni standa.

¹⁾ Nú l. 88/2005. ²⁾ L. 92/1991, 7. gr.

■ 5. gr.

□ [Vísitandi röng skýrslugjöf varðar sektum nema þyngri refsing liggir við að lögum. Tregðist nokkur við að láta í té skýrslu sem hann hefur fengið frest á að gefa má þröngva honum til þess að frestinum liðnum með dagsektum allt að 10.000 kr. og getur [tollstjóri]¹⁾ tiltekið sektina í bréfi til hlutadeiganda.]²⁾

¹⁾ L. 92/1991, 7. gr. ²⁾ L. 116/1990, 11. gr.

■ 6. gr. . . .¹⁾

¹⁾ L. 19/1991, 194. gr.